

Borgarstjórn Reykjavíkur
7. febrúar 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að Reykjavíkurborg vinni gegn útvistun hjá Strætó

Reykjavíkurborg samþykkir að vinna gegn öllum frekari áformum um útvistun hjá Strætó bs. Umræður um slíkt hafa átt sér stað á vettvangi félagsins og mikilvægt að þær nái ekki fram að ganga þar sem um mikilvæga grunnþjónustu er að ræða. Það hefur sýnt sig að útvistun leiðir til lakari kjara þeirra sem veita þjónustuna sem og í mörgum tilfellum aukins kostnaðar og eftirlits. Mikilvægt er að efla þjónustu Strætó bs. og tryggja að hún sé á vegum sveitarfélaganna og mótuð eftir vilja og væntingum þeirra sem reiða sig á strætó. Jafnframt er mikilvægt að rödd vagnstjóra komi að mótun félagsins.

Greinargerð

Stór hluti aksturs hjá Strætó bs. er á vegum verktaka. Vagnstjórar sem eru fastráðnir hjá Strætó bs. óttast um framtíðina og hvað verði um þeirra störf ef farið verði í frekari útvistun. Reykjavíkurborg hefur ekki markað sér stefnu varðandi hversu mikið magn grunnþjónustu megi bjóða út, hvorki hjá Reykjavíkurborg sjálfri né fyrirtækjum í hennar eigu. Þetta kom fram í svari við fyrirspurn Sósíalístaflokks Íslands árið 2020 um stefnu Reykjavíkurborgar varðandi útboð á grunnþjónustu. Sláandi er að sjá að borgin hafi ekki mótað stefnu varðandi slíkt. Mikilvægt er að tryggja að Strætó verði í almannaeigu.